

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Þrískipt vísitala leiguverðs í Reykjavík

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, sem barst þann 15. apríl 2021, um vísitölu leiguverðs. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Vísitala leiguverðs byggist á leiguverði samkvæmt þinglýstum leigusamningum. Nýlega tók Bjarg íbúðafélag til starfa þar sem íbúðaverð er lægra en á hinum almenna leigumarkaði. Svo er húsnæðisverð hjá hinu opinbera einnig almennt lægra samanborið við almennan markað. Er hægt að fá fram hjá Þjóðskrá þrískipta vísitölu leiguverðs, þ.e.a.s. út frá almennum leigumarkaði, félagslegum/opinberum (t.a.m. leigufélög í eigu sveitarfélaga) og svo út frá óhagnaðardrífnum leigufélögum? Ef hægt er að draga fram skiptingu á þessari vísitölu er einnig óskað eftir þróun á breytingu á þessum vísitölum á milli mánaða og ára með sérstakri áherslu á Reykjavík.“

Fjármála- og áhættusvið leitaði upplýsinga hjá Þjóðskrá sem gefur út vísitölu leiguverðs. Í svari Þjóðskrá kemur fram að leiguvísitalan innihaldi ekki leigusamninga fyrir félagslegar íbúðir, fjármálastofnanir og stúdentaíbúðir þar sem markaðurinn fyrir þær er talsvert öðruvísi en hinn almenni markaður. Auk þess inniheldur leiguvísitalan einungis þinglýsta samninga en ekki eru allir leigusamningar þinglýstir og t.d. þinglýsir Búseti ekki sínum leigusamningum.

Til þess að það væri hægt að búa til leiguvísitölu á félagslegum markaði þyrfti að vera til opinber listi yfir leigusala félagslegra íbúða, stúdentaíbúða o.s.frv. Listinn þyrfti einnig að innihalda söguleg gögn og vera uppfærður reglulega.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.